



Atli Gíslason  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Hornafirði 23. desember 2011.

393 mál

**Málefni: Bókun bæjarráðs Hornafjarðar um Samgönguáætlun 2011-2022 og 4ra ára samgönguáætlun 2011-2014.**

Á 572. fundi bæjarráðs Hornafjarðar 22. desember s.l. var ofangreint mál á dagskrá og var eftirfarandi bókað af því tilefni:

„Bæjarráð harmar þá forgangsröðun sem fram kemur í samgönguáætlun að gera eigi nýja veg um Hornafjörð með tilheyrandi brúargerð á þriðja hluta tímabilsins. Slíkt er með öllu óásættanlegt fyrir íbúa Suðausturlands sem lengi hafa kallað á þessar vegbætur. Allt frá því að sveitarfélögin í Austur-Skaftáfellssýslu voru sameinuð hefur veginum verið lofað af ráðamönnum þjóðarinnar og löngu kominn tími til þess að efna þau loforð. Minnt er á að framkvæmdin styttir Hringveginn umtalsvert og hefur þar með þjóðhagslegan ávinning í för með sér, núverandi brú á Hornafjarðarfljótum er komin til ára sinn og er varasöm út frá umferðaröryggi, auk þess sem nýr vegur tengir sveitirnar vestan Fljóta betur við þjónustukjarnann á Höfn. Bæjaryfirvöld hafa ítrekað kynnt áherslur sínar í þessum málum fyrir samgönguyfirvöldum á hverjum tíma þar sem ávallt hefur verið tekið undir sjónarmið heimamanna. Kominn er tími til að allir hafa tekið þátt í þessari umræðu tali skýrt um sína afstöðu. Bæjarráð Hornafjarðar leggur alla áherslu á hafist verði handa við fyrsta áfanga framkvæmdarinnar eigi síðar en 2014.“

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

*Ólafía I. Gísladóttir*

Ólafía I. Gísladóttir  
ritari



Samhljóða bréf fá: Ráðherrar og þingmenn suðurkjördæmis.